

Greiningardeild
september 2017



Framleiðslutengd fjármögnun – DRG framleiðsla Landspítala 2016



Útgáfa	Dags.	Lýsing	Unnið af	Yfirfarið af	Ábyrgðarmaður
I	12.09.17	Framleiðslutengd fjármögnun – DRG framleiðsla Landspítala 2016	Eymundur Sveinn Leifsson	Helga Garðarsdóttir, Katrín E. Hjörleifsdóttir	Helga Garðarsdóttir

Inngangur

Í samræmi við stefnu heilbrigðisráðherra á málefnasviði sjúkrahúspjónustu var Sjúkratryggingum Íslands (SÍ) og Landspítala (LSH) falið að gera samning um innleiðingu framleiðslutengdrar fjármögnunar fyrir árið 2016. Samningurinn byggist á alþjóðlega DRG flokkunarkerfinu (Diagnosis Related Groups) sem notað er á sjúkrahúsum til að búa til einsleita sjúklingaflokka en flokkun tekur mið af sjúkdómsgreiningu sjúklings, aðgerðum, meðferðum, kyni, aldri og eðli útskriftar. Í DRG flokkunarkerfinu er hver DRG flokkur verðlagður þ.e. hver flokkur hefur ákveðna DRG kostnaðarvigti en hún ásamt árlegu einingarverði gerir kleift að verðleggja hver samskipti eða hverja innlög og/eða komu, fjármagna þjónustuna og sjá nákvæmlega hvernig þeim fjármunum er varið. Með samningnum er fjármögnun spítalans tengd umfangi þeirrar þjónustu sem hann veitir og er markmiðið að sú tenging stuðli að ábyrgri og skilvirkri heilbrigðisþjónustu.

Rétt er að geta þess að með samningnum er fyrst og fremst horft til breytinga á formi fjármögnunar en ekki umfangi þjónustunnar. Breyting á umfangi verður ákvörðuð í fjárlögum hvers árs.

Samningurinn árið 2016 hafði engar fjárhagslegar skuldbindingar, hvorki fyrir SÍ né LSH. Á grundvelli hans var gerð einskona skuggakeyrsla til innleiðingar á fyrirhuguðum samningi um framleiðslutengda fjármögnun og samanburður á mismunandi fjármögnunaraðferðum. Í þessari skýrslu eru SÍ að taka saman upplýsingar um framleiðslutengda fjármögnun skv. samningnum og bera hana saman við hefðbundna fjármögnun spítalans skv. fjárlögum ársins 2016. Í viðauka eru töflur með ýmiskonar tölfræði er varðar samanburð DRG flokka og kostnaðarvigta árin 2015 og 2016.

Þess má geta að undirritaður hefur verið nýr samningur milli SÍ og LSH sem gildir frá 1. janúar 2017 til og með 31. desember 2019. Helstu breytingarnar í samningnum eru að hann mun hafa fjárhagslegar skuldbindingar, því greitt verður fyrir umframframleiðslu í fyrsta sinn á árinu 2017. Frá og með árinu 2018 verður alfarið greitt í samræmi við ákvæði hans.

Samantekt

LSH lagði fram framleiðsluáætlun DRG eininga fyrir árið 2016 og leggur hún grunn að skuggakeyrslu til innleiðingar á framleiðslutengdri fjármögnun. Áætlunin var síðan notuð sem viðmið fyrir mögulegar greiðslur frá SÍ til LSH og er hún því lykilþáttur í framleiðslutengdri fjármögnun spítalans. Framleiðsluáætlunin miðaðist við 12 mánaða tímabil frá árunum 2013-2014 sem var án verkfalla.

Samkvæmt lokauppgjöri framleiddi LSH 44.615 DRG einingar á árinu 2016 sem er 615 DRG einingum umfram framleiðsluáætlun eða 101,4% af áætlun. Framleiðsluna bæri að greiða að fullu ef um framleiðslutengda fjármögnun væri að ræða þar sem framleiðsluþaki uppá 102% er ekki náð. Miðað við einingarverðið 952.000 kr./einingu hefði LSH fengið alls 49.329,7 m.kr. í brúttó tekjur vegna framleiðslunnar. Það hefði þýtt heildar fjárheimild til rekstrar uppá 60.797 m.kr. Til samanburðar voru fjárheimildir LSH á fjárlögum samtals 60.897 m.kr. Umsamið einingarverð skv. samningi á árinu 2016 var 5,3% lægra en meðalkostnaðarverð spítalans í upphafi árs.

Tíu einingahæstu DRG flokkarnir fyrir komur, flokkarnir eru 247 í heild, telja um 42% af heildarfjölda framleiddra DRG eininga fyrir á meðan tíu einingahæstu flokkarnir fyrir legur, 644 flokkar í heild, töldu um 23% af heildarfjölda framleiddra eininga fyrir legur. Þetta þýðir að vægi einingahæstu DRG flokkanna er hátt og að ef hægt er að finna leiðir til að fækka einingum í þessum flokkum má mögulega finna hagræðingartækifæri í heilbrigðisþjónustunni.

DRG framleiðsla LSH

Samkvæmt 5. grein samningsins var LSH gert að leggja fram mánaðarlega framleiðsluáætlun DRG eininga fyrir árið 2016. Áætlunin var notuð sem viðmið fyrir mögulegar greiðslur frá SÍ til LSH og er hún því lykilþáttur í framleiðslutengdri fjármögnun spítalans. Áætlunin var unnin af LSH en hana má finna í fylgiskjali 5 með samningnum.

Tafla 1 sýnir samanburð framleiðsluáætlunarinnar og raunframleiðslu ársins 2016. Allar tölur eru í DRG einingum. Í töflunni kemur fram að raunframleiðsla LSH var 531 DRG einingu umfram áætlun. Þá sést einnig að níu mánuði ársins fór raunframleiðsla framúr áætlun á meðan þrjú mánuðir voru undir áætlun. Í töflunni eru DRG einingar vegna ófrágenginna lega (legur og komur sem hafa á hverjum tíma ekki fengið alla nauðsynlega skráningu í sjúkraskrá) uppreiknaðar fyrir sérhvern mánuð út frá DRG vigt viðkomandi sviðs í þeim mánuði sem útreikningur fer fram. Samkvæmt samningnum skulu ófrágengnar legur og komur fá uppreiknaðan einingafjölda miðað við meðalvigt hvers klíníks sviðs yfir árið. Af þessum sökum er ósamræmi milli einingafjölda í töflu 1 (44.531) og í töflu 6 sem sýnir lokauppgjörið (44.615). Kostnaðarvigtir klínískra sviða eru reiknaðar af LSH.

Tafla 1. Raunframleiðsla LSH árið 2016 í samanburði við áætlun 2016.

	Jan.	Feb.	Mar.	Apr.	Maí	Jún.	Júl.	Ág.	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Alls
Legur	2.355	2.366	2.538	2.591	2.586	2.296	2.166	1.984	2.349	2.319	2.285	2.331	28.166
Legur ófrágengið*	25	36	23	28	43	41	26	28	47	44	41	68	450
Komur	1.070	1.102	1.086	1.087	1.096	1.015	785	1.010	1.130	1.086	1.214	990	12.670
Komur ófrágengið*	314	298	241	251	261	257	164	270	320	309	309	252	3.245
Framleiðsla alls**	3.765	3.802	3.888	3.958	3.986	3.608	3.140	3.292	3.847	3.757	3.848	3.640	44.531
Áætlun	3.950	3.600	3.600	3.900	3.850	3.500	3.100	3.200	3.600	4.100	4.000	3.600	44.000
Frávik frá áætlun	-185	202	288	58	136	108	40	92	247	-343	-152	40	531

*DRG einingar uppreiknaðar út frá sviðum og mánuðum

**Framleiðsla vegna nýbura, sjúkrahótels, biðdeildar á Víflisstöðum, aðstandenda við fæðingu barns, viðbótarkostnaður vegna kostnaðarútlaga, biðlistaáttaks og sérstaks samnings við Færeysjar fellur ekki undir samninginn og er því ekki í tölunum hér að neðan.

Töflur 2 og 3 sýna tíu einingahæstu DRG flokkana fyrir legur og komur á árinu 2016. Dagvigtir¹ eru meðtaldar í tölunum um legur. Þess má geta að heildarfjöldi DRG flokka fyrir legur voru 644 og 247 fyrir komur. Tíu einingahæstu flokkarnir fyrir legur telja samtals 6.650 einingar. Þetta þýðir að 1,5% flokka eru ábyrgir fyrir um 23% af heildarfjölda framleiddra DRG eininga vegna lega. Þegar kemur að komum telja tíu einingahæstu DRG flokkarnir samtals 6.737 einingar, þ.e. 4,0% flokka eru ábyrgir fyrir um 42% af heildarfjölda framleiddra eininga vegna koma.

¹ Kostnaðarvigt á langlegudeildum LSH notuð í stað hefðbundinnar kostnaðarvigtar.

Tafla 2. Heildar einingafjöldi vegna lega og koma í samanburði við einingafjölda vegna 10 einingahæstu flokkana

	Fjöldi DRG flokka	DRG einingar 2016	Fjöldi eininga vegna 10 einingahæstu flokkana	Hlutfall af heild
Legur	644	28.616	6.650	23,2%
Komur	247	15.915	6.737	42,3%

Það er því ljóst að fáir DRG flokkar eru veigamiklir þegar kemur að heildareiningarfjölda og þar með heildarkostnaði. Ef hægt er að finna leiðir til að fækka einingum í þessum flokkum má mögulega finna hagræðingartækifæri í heilbrigðisþjónustunni.

Tafla 3. DRG flokkar með flestar DRG einingar árið 2016. Legur.

Kóði flokks	Flokkur	DRG einingar	Fjöldi lega
432N	Langtímahjúkrun á geðsviði (> 90 daga)	1.541,0	83
432M	Endurhæfing innliggjandi sjúklinga á geðsviði (30-90 d)	1.440,9	281
012	Hrömunarraskanir í taugakerfi	659,6	242
372	Fæðing um leggöng með aukakvillum	522,0	920
482	Barkaraufun, nema vegna sjúkleika í andliti, munni og hálsi	489,7	29
127	Hjartabilun og lost	449,2	384
149	Meiri háttar aðgerðir á mjóginum og digurgirni án aukakvilla	426,3	190
014A	Heilablóðfall með aukakvillum	402,7	184
373	Fæðing um leggöng án aukakvilla	366,9	1.052
082	Æxli í öndunarferum	351,3	264
Samtals		6.650	363

Tafla 4. DRG flokkar með flestar DRG einingar árið 2016. Komur.

Kóði flokks	Flokkur	DRG einingar	Fjöldi koma
919O	Geðsjúkdómur sem megingreining, án verulegra aðgerða, stutt meðferð	1.168,4	51.023
908O	Sjúkdómar og raskanir í vöðva- og beinakerfi, stutt meðferð	973,7	30.812
923O	Þættir sem hafa áhrif á heilbrigðisástand og önnur tengsl við heilbrigðisþjónustu, stutt meðferð	919,0	30.432
906O	Sjúkdómar og raskanir í meltingarfærum, stutt meðferð	785,6	15.619
901O	Sjúkdómar í taugakerfi, án víðtækra aðgerða, stutt meðferð	593,8	14.626
905O	Sjúkdómar eða raskanir í blóðrásakerfi, án víðtækra aðgerða, stutt meðferð	532,1	9.927
903O	Sjúkdómar eða raskanir í eyra, nefi, munni og hálsi, stutt meðferð	507,1	17.485
904O	Sjúkdómar eða raskanir í öndunarferakerfi, stutt meðferð	457,5	10.468
909O	Sjúkdómar eða raskanir á húð eða húðvef, án fylgikvilla, stutt meðferð	410,0	15.354
317O	Innlögn vegna blóðskilunar með gervinýra, stutt meðferð	389,9	6.805
Samtals		6.737	202.551

Samanburður framleiðslu 2016 og samsetts árs 2013-2014

Vegna verkfalla, framkvæmda og annarra þátta reyndist erfitt að finna „hreint“ viðmiðunarár fyrir framleiðsluáætlun DRG eininga 2016. Í samningnum er notast við samsetta árið okt.2013 - sept.2014 sem var verkfallslaust tímabil. Í fylgiskjali 2 með samningnum má finna lista yfir DRG flokka og DRG einingar fyrir samsetta árið. Tafla 4 að neðan sýnir samanburð framleiðslu LSH árið 2016 samanborið við samsetta árið. Ófrágengnar DRG einingar eru uppreiknaðar út frá meðalvigt viðkomandi sviðs. Eins og sjá má í töflunni eru ófrágengnar einingar mun fleiri árið 2016 eða um 56% fleiri. Heildarframleiðsla DRG eininga var um 1% meiri árið 2016 en á samsetta árinu.

Tafla 5. Heildarframleiðsla DRG eininga ársins 2016 borið saman við samsetta árið okt.2013-sept.2014.

	Samsett ár 2013-2014	2016	Hlutfallsleg breyting
Legur og komur DRG einingar	41.753	40.836	-2,2%
Ófrágengnar DRG einingar*	2.419	3.779	56,2%
Heildarframleiðsla DRG eininga	44.173	44.615	1,0%

*Ófrágengnar DRG einingar eru uppreiknaðar út frá meðalvigt viðkomandi sviðs

Samanburður á framleiðslutengdri fjármögnun og hefðbundinni fjármögnun

Í framleiðslutengdri fjármögnun eru mánaðarlegar greiðslur SÍ til LSH tvennskonar. Annars vegar er föst greiðsla sem nemur 40% af framleiðsluáætlun LSH. Hins vegar er breytileg greiðsla sem nemur 60% af raunframleiðslu LSH. Til viðbótar bætast við greiðslur vegna kostnaðarútlaga og er uppgjör vegna þeirra gert ársfjórðungslega. Heildaruppgjör á framleiðslu ársins skal síðan fara fram í lok febrúar næsta árs og þá skal tekið tillit til útlaga, framleiðsluþaks, ófrágenginna lega sem og gæðavísa.

Samkvæmt skilgreiningu í samningnum þá eru kostnaðarútlagar óvenju dýrar legur/komur sjúklinga borið saman við legur/komur annarra sjúklinga í sama DRG flokki. Kostnaðarútlagar eru reiknaðir út með svokallaðri fjórðungsbilsaðferð (interquartile range IQR). Árið 2016 nam kostnaður vegna kostnaðarútlaga ríflega 14% af framleiðslutengdri fjármögnun LSH.

Tafla 5 sýnir mánaðarlegar greiðslur fyrir árið 2016 skv. framleiðslutengdri fjármögnun. Heildar brúttógreiðslur til LSH hefðu þannig orðið ríflega 49,3 ma.kr. á árinu miðað við einingarverðið 952.000 kr./einingu. Tafla 6 sýnir lokauppgjör framleiðslutengdrar fjármögnunar árið 2016.

Tafla 6. Mánaðarlegt uppgjör á framleiðslutengdri fjármögnun LSH. Einingarverð er 952.000 kr/einingu

	Jan	Feb	Mars	April	Mai	Júní	Júlí	Ágúst	Sept	Okt	Nóv	Des	Alls
Framleiðsla* (DRG einingar)	3.765	3.802	3.888	3.958	3.986	3.608	3.140	3.292	3.847	3.757	3.848	3.640	44.531
Fastar greiðslur (m.kr.)	1.396,3	1.396,3	1.396,3	1.396,3	1.396,3	1.396,3	1.396,3	1.396,3	1.396,3	1.396,3	1.396,3	1.396,3	16.755,2
Breytilegar greiðslur (m.kr.)	2.150,4	2.171,6	2.220,6	2.260,7	2.277,0	2.061,1	1.793,5	1.880,3	2.197,1	2.146,2	2.198,2	2.079,3	25.436,1
Mánaðarlegar greiðslur alls (m.kr.)	3.546,7	3.567,8	3.616,8	3.657,0	3.673,3	3.457,4	3.189,8	3.276,6	3.593,4	3.542,5	3.594,5	3.475,6	42.191,3
Greiðslur v. útlaga** (m.kr.)	0,0	0,0	1.823,7	0,0	0,0	1.839,4	0,0	0,0	1.636,5	0,0	0,0	1.790,6	7.090,3
Greiðslur alls (m.kr.)	3.546,7	3.567,8	5.440,6	3.657,0	3.673,3	5.296,8	3.189,8	3.276,6	5.230,0	3.542,5	3.594,5	5.266,2	49.281,7

*Við mánaðarlegar greiðslur eru ófrágengnar einingar reiknaðar út frá vigt sviða í viðkomandi mánuði.

**Í töflunni er greiðslum vegna útlaga skipt niður hlutfallslega eftir heildarframleiðslu spítalans.

Tafla 7. Lokauppgjör framleiðslutengdrar fjármögnunar árið 2016

Lokauppgjör 2016	
Áætlun	44.000 einingar
Framleiðsla*	44.615 einingar
Hlutfall af áætlun	101,4%
Fjöldi eininga greitt fyrir á árinu	44.531 einingar
Ógreiddar einingar	84 einingar
Til greiðslu við lokauppgjör	48,0 m.kr.
Heildargreiðsla vegna DRG-framleiðslu 2016	49.329,7 m.kr.

*Við lokauppgjör skulu ófrágengnar einingar reiknast út frá meðalvigt sviða yfir árið.

Í samningnum er ákvæði um framleiðslupak. Samkvæmt framleiðslutengdri fjármögnun ber SÍ að greiða framleiðslu upp að 44.000 einingum (100% af áætlun) fullu verði. Fyrir framleiðslu á bilinu 44.000 einingar og 44.880 einingar (100-102% af áætlun) greiðist breytilegi hlutinn fullu verði og fyrir framleiðslu á milli 44.881 og 45.760 eininga (102%-104% af áætlun) greiða SÍ breytilega hlutann með 50% afslætti. SÍ ber ekki að greiða fyrir framleiðslu umfram 104% af áætlun skv. samningnum.

Eins og sjá má í töflunni að ofan þá var heildarframleiðsla LSH 101,4% af framleiðsluáætlun ársins og hefðu SÍ því borið að greiða fyrir breytilega hluta framleiðslunnar fullu verði ef samningurinn hefði haft fjárhagslegar skuldbindingar. Einstaka mánuðir fara þó upp fyrir 102% markið en þar sem framleiðslupakið miðast við allt árið fá sjúkratryggingarnar engan afslátt af þeirri framleiðslu.

Samkvæmt ársreikningi LSH var fjárheimild til rekstrar skv. fjárlögum 60.897 m.kr. árið 2016. Ef að samningurinn milli LSH og SÍ um framleiðslutengda fjármögnun hefði haft fjárhagslegar afleiðingar hefði LSH fengið 60.797 m.kr. Umsamið einingarverð skv. samningi á árinu 2016 var 5,3% lægra en meðalkostnaðarverð spítalans á árinu.

Tafla 8. Samanburður á tekjum LSH á föstum fjárlögum og framleiðslutengdri fjármögnun

Tekjupáttur	Fjárlög (m.kr.)	DRG (m.kr.)
Framleiðslutengd fjármögnun		49.329.342
Þar af klínískar sértekjur og komugjöld		-1.970.252
Þar af tekjur vegna ósjúkratryggðra		-548.852
Framlag í niðurfærslureikning krafna v. klínískra sértekna		141.416
Þjónustutekjur	4.124.191	4.124.191
Styrkir til fjárfestinga í tækjabúnaði og öðrum stofnkostnaði	303.645	303.645
S-merkt lyf og blöndunargjald, sala til SÍ	2.941.191	2.941.191
S-merkt lyf, endurkræfur kostnaður	-2.788.886	-2.788.886
Aðrar tekjur	3.691.410	3.691.410
Ríkisframlag	52.625.839	5.574.246
Tekjur samtals	60.897.390	60.797.452

Viðauki – tölfræði og töflur.

Hér að neðan má finna töflur með ýmiskonar tölfræði er varðar samanburð DRG flokka og vigta árin 2015 og 2016. Rétt er að geta þess að á árinu 2015 var töluvert um verkföll hjá þeim starfstéttum sem starfa á Landspítalanum sem skekkir vigtirnar fyrir það ár. Þá eru dagvigtir ekki með í tölunum hér að neðan.

Tafla 9. DRG flokkar og vigtir árin 2015 og 2016 - legur. Ýmis tölfræði.

	2016	2015	Athugasemd
Fjöldi DRG flokka	644	610	
Fjöldi flokka með færri en 11 legur	295	-	45,8% af heild
Meðal DRG vigt	1,244	1,253	
Fjöldi flokka undir 1,0 í DRG vigt	397	383	61,6% af heild (2016)
Fjöldi flokka undir 2,0 í DRG vigt	551	533	85,6% af heild (2016)
Meðalbreyting DRG vigtar milli ára	0,0211		
Leiðrétt meðalbreyting. Flokkar án 2015 upplýsinga teknir út	0,0300		
Meðalbreyting DRG vigtar milli ára, tölugildi	0,2188		
Leiðrétt meðalbreyting. Flokkar án 2015 upplýsinga teknir út	0,2261		
Meðal hlutfallsleg breyting DRG vigtar milli ára	5,39%		
Leiðrétt hlutfallsleg breyting. Flokkar án 2015 upplýsinga teknir út	5,92%		
Meðal hlutfallsleg breyting DRG vigtar milli ára, tölugildi	19,79%		
Leiðrétt hlutfallsleg breyting. Flokkar án 2015 upplýsinga teknir út	20,97%		

Tafla 10. DRG flokkar og vigtir árin 2015 og 2016 - komur. Ýmis tölfræði.

	2016	2015	Athugasemd
Fjöldi DRG flokka	247	235	
Fjöldi flokka með færri en 11 komur	63	-	25,5% af heild
Meðal DRG vigt	0,230	0,184	
Meðalbreyting í DRG vigt milli ára	0,0214		
Leiðrétt meðalbreyting. Flokkar án 2015 upplýsinga teknir út	0,0225		
Meðalbreyting í DRG vigt milli ára, tölugildi	0,0496		
Leiðrétt meðalbreyting. Flokkar án 2015 upplýsinga teknir út	0,0505		
Meðal hlutfallsleg breyting í DRG vigt milli ára	19,67%		
Leiðrétt meðalbreyting. Flokkar án 2015 upplýsinga teknir út	20,00%		
Meðal hlutfallsleg breyting í DRG vigt milli ára, tölugildi	36,22%		
Leiðrétt meðalbreyting. Flokkar án 2015 upplýsinga teknir út	36,81%		

Tafla 11. DRG flokkar með flestar legur árið 2016. DRG vigtir þeirra og verð per legu.

Röð	Kóði DRG flokks	Heiti DRG flokks IS	Fjöldi lega 2016	DRG vigt 2016	Verð per legu 2016*
1	373	Fæðing um leggöng án aukakvilla	1052	0,3488	332.058 kr.
2	372	Fæðing um leggöng með aukakvillum	920	0,5674	540.165 kr.
3	373O	Fæðing um leggöng, stutt meðferð	427	0,1513	144.038 kr.
4	436B	Áfengis- og/eða vímuefnamisnotkun, án aukakvilla	351	0,6263	596.238 kr.
5	183	Vélindisbólga, raskanir í maga og görnum og ýmsar meltingarraskanir án aukakvilla, 18 ára og eldri	343	0,5105	485.996 kr.
6	035	Raskanir í taugakerfi, aðrar, án aukakvilla	342	0,4815	458.388 kr.
7	127	Hjartabilun og lost	339	0,9052	861.750 kr.
8	470X	Vantar aðalsjúkdómsgreiningu	313	0,0000	- kr.
9	370	Keisaraskurður með aukakvillum	301	1,0784	1.026.637 kr.
10	466	Framhaldsmeðferð án sögu um illkynja sjúkdóm sem fylgigreiningu	290	0,4998	475.810 kr.
11	209E	Meiri háttar liðskiptiaðgerð á mjöðm, fyrsta aðgerð, án aukakvilla	286	1,1655	1.109.511 kr.
12	088	Langvinnur teppulungnasjúkdómur	271	0,8726	830.715 kr.
13	167	Botnlangaskurður án margslunginnar megingreiningar eða aukakvilla	271	0,6268	596.714 kr.
14	219	Aðgerðir á neðri útlím og á upphandlegg, nema mjöðm, fótur, lærleggur, án aukakvilla, 18 ára og eldri	247	0,8089	770.073 kr.
15	371	Keisaraskurður án aukakvilla	237	0,7413	705.718 kr.
16	209G	Meiri háttar liðskiptiaðgerð á hné/ökkla, fyrsta aðgerð	232	1,0459	995.719 kr.
17	090	Einföld lungna- og brjóstthimnubólga án aukakvilla, 18 ára og eldri	221	0,6517	620.418 kr.
18	359	Aðgerðir á legi og viðhengjum legs, vegna sjúkdóms sem ekki er illkynja, án aukakvilla	218	0,8941	851.183 kr.
19	494	Gallblöðrunám um kviðarholsspeglun, án aukakvilla	217	0,7154	681.061 kr.
20	211N	Aðgerðir á mjöðm og lærlegg, nema meiri háttar aðgerðir á liðum, án aukakvilla, 18 ára og eldri	203	1,3601	1.294.815 kr.
21	432M	Endurhæfing innliggjandi sjúklinga á geðsviði (30-90 d)	203	4,8409	4.608.537 kr.
22	243	Læknisfræðilegur bakvandi	202	0,7763	739.038 kr.
23	467	Aðrir þættir sem áhrif hafa á heilbrigðisástand	202	0,3490	332.248 kr.
24	082	Æxli í öndunarfærum	193	0,9844	937.149 kr.
25	149	Meiri háttar aðgerðir á mjógirni og digurgirni án aukakvilla	190	2,2439	2.136.193 kr.

*Kostnaður per legu miðast við DRG einingarverð sem er 952.000 kr.

Tafla 12. DRG flokkar með flestar komur árið 2016. DRG vigitir þeirra og verð per legu

Röð	Kóði DRG flokks	Heiti DRG flokks IS	Fjöldi koma 2016	DRG vigit 2016	Verð per komu 2016 *
1	470Z	Vantar tegund komu eða faghóps, stutt meðferð	69.200	0,0000	- kr.
2	919O	Gedðsjúkdómur sem megingreining, án verulegra aðgerða, stutt meðferð	51.023	0,0229	21.801 kr.
3	908O	Sjúkdómar og raskanir í vöðva- og beinakerfi, stutt meðferð	30.812	0,0316	30.083 kr.
4	923O	Þættir sem hafa áhrif á heilbrigðisástand og önnur tengsl við heilbrigðisþjónustu, stutt meðferð	30.432	0,0302	28.750 kr.
5	903O	Sjúkdómar eða raskanir í eyra, nefi, munnni og hálsi, stutt meðferð	17.485	0,0290	27.608 kr.
6	914O	Þungun, fæðing og sængurlega, án verulegra aðgerða, stutt meðferð	16.425	0,0165	15.708 kr.
7	906O	Sjúkdómar og raskanir í meltingarfærum, stutt meðferð	15.619	0,0503	47.886 kr.
8	909O	Sjúkdómar eða raskanir á húð eða húðvef, án fylgikvilla, stutt meðferð	15.354	0,0267	25.418 kr.
9	901O	Sjúkdómar í taugakerfi, án víðtækra aðgerða, stutt meðferð	14.626	0,0406	38.651 kr.
10	904O	Sjúkdómar eða raskanir í öndunarfarakerfi, stutt meðferð	10.468	0,0437	41.602 kr.
11	905O	Sjúkdómar eða raskanir í blóðrásakerfi, án víðtækra aðgerða, stutt meðferð	9.927	0,0536	51.027 kr.
12	902O	Sjúkdómar eða raskanir í auga, án víðtækra aðgerða, stutt meðferð	8.693	0,0249	23.705 kr.
13	930O	Vandi í brjóstskirtlum, án víðtækra aðgerða, stutt meðferð	7.915	0,0336	31.987 kr.
14	911O	Sjúkdómar eða raskanir á nýrum og þvagvegi, stutt meðferð	7.336	0,0450	42.840 kr.
15	317O	Innlögn vegna blóðskilunar með gervínýra, stutt meðferð	6.805	0,0573	54.550 kr.
16	912O	Sjúkdómar og raskanir í getnaðarfærum karla, stutt meðferð	6.647	0,0252	23.990 kr.
17	910O	Innkirtla-, næringar- og efnaskiptaraskanir, stutt meðferð	6.539	0,0288	27.418 kr.
18	998O	Hópmæðferð	6.076	0,0344	32.749 kr.
19	808Y	Bæklunarumbúðir, stutt meðferð	5.756	0,0287	27.322 kr.
20	921O	Slys, eitranir af efnum og eitrunaráhrif lyfja, án víðtækra aðgerða, stutt meðferð	3.856	0,0373	35.510 kr.
21	915O	Nýburi og fyrirburi m. sjúkdóma sem eiga upptök sín á burðarmálmstíma, stutt meðferð	3.814	0,0212	20.182 kr.
22	917O	Sjúkdómar eða raskanir í mergfrumum eða illa sundurgreind æxli, stutt meðferð	3.522	0,0446	42.459 kr.
23	913O	Sjúkdómar og raskanir í getnaðarfærum kvenna, stutt meðferð	3.508	0,0316	30.083 kr.
24	914P	Greinandi rannsókn á meðgöngu, stutt meðferð	3.471	0,0202	19.230 kr.
25	907O	Sjúkdómur eða raskanir í lifur og gallkerfi, stutt meðferð	3.312	0,0455	43.316 kr.

*Kostnaður per komu miðast við DRG einingarverð sem er 952.000 kr.

Tafla 13. DRG flokkar með mestu breytingu í DRG vigt milli árunna 2016 og 2015 - legur

Röð	Kóði DRG flokks	Heiti DRG flokks IS	Breyting í DRG vigt frá 2015	DRG vigt 2016	Fjöldi lega 2016	Verðbreyting milli ára per legu*
1	472	Víðtækir brunar með aðgerð á skurðstofu	-5,645	8,424	2	- 5.374.446 kr.
2	570	Ísetning eða skipti á ertingarbúnaði í taugakerfi	-5,582	3,761	2	- 5.314.025 kr.
3	076	Aðgerðir á skurðstofu á öndunarfærum, aðrar, með aukakvillum	3,636	4,617	7	3.461.254 kr.
4	200	Greiningaraðgerð á lifur og gallkerfi vegna sjúkleika sem ekki er illkynja.	-3,150	2,609	5	- 2.998.413 kr.
5	386N	Nýburi, fæðingarþyngd undir 1000 grömm	-3,137	18,587	7	- 2.986.842 kr.
6	471N	Meiri háttar aðgerðir á liðum, báðum megin eða margar, á neðri útlím	2,024	3,757	1	1.927.043 kr.
7	388C	Alvarleg öndunaryvandamál hjá fyrirbura	1,971	7,321	23	1.875.973 kr.
8	154A	Stórar aðgerðir á maga, vélindi og skeifugörm með aukakvillum, 18 ára og eldri	1,964	7,655	3	1.870.094 kr.
9	221	Aðgerðir á hné með aukakvillum	1,910	3,596	9	1.817.945 kr.
10	366	Illkynja sjúkdómur í getnaðarfærum kvenna með aukakvillum	1,771	3,804	9	1.685.918 kr.
11	388A	Nýburi, fæðingarþyngd 1500-2499 grömm, með margháttuð vandamál	1,668	7,232	4	1.587.501 kr.
12	154B	Aðrar aðgerðir á maga, vélindi og skeifugörm með aukakvillum, 18 ára og eldri	1,634	5,181	8	1.555.516 kr.
13	389A	Nýburi, fæðingarþyngd 2500 grömm eða meiri, með meiri háttar aðgerð	1,599	5,362	4	1.521.861 kr.
14	126	Bráð og hægbráð hjartaþelsbólga	-1,536	1,685	12	- 1.461.964 kr.
15	113	Stýfing vegna blóðrásarraskana, nema á efri útlím og tá	-1,501	2,940	11	- 1.428.829 kr.
16	214C	Aðrar aðgerðir á baki og hálsi með aukakvillum	1,459	2,497	6	1.388.935 kr.
17	484	Kúpuopnun vegna verulegra fjöláverka	1,337	12,509	2	1.273.056 kr.
18	214B	Aðrar hryggspengingar með aukakvilla	-1,226	2,376	10	- 1.167.523 kr.
19	430F	Önnur geðrofs heilkenni	-1,099	0,748	3	- 1.046.629 kr.
20	401	Aðgerð á skurðstofu, í eitilæxli og hvítblæði, ekki bráðu, með aukakvillum	1,079	4,272	2	1.027.368 kr.
21	108	Hjarta- og brjóstholsaðgerðir, aðrar	1,053	3,664	21	1.002.432 kr.
22	023	Stjarfi og dá, ekki af áverka	1,041	1,564	4	990.903 kr.
23	168	Aðgerðir í munni með aukakvillum	1,020	2,140	1	971.230 kr.
24	501A	Enduruppbygging eða önnur lýtaaðgerð á brjósti, með aukakvillum	-1,012	1,760	5	- 963.138 kr.
25	112B	Lagfæring hjartsláttaróreglu gegnum húð	0,997	1,763	4	948.836 kr.

*Kostnaðarbreyting per legu miðast við DRG einingarverð árið 2016 sem er 952.000 kr.

Tafla 14. DRG flokkar með mestu breytingu í DRG vigt milli árunna 2016 og 2015. Flokkar með undir 11 legur síaðir út - legur

Röð	Kóði DRG flokks	Heiti DRG flokks IS	Breyting í DRG vigt frá 2015	DRG vigt 2016	Fjöldi lega 2016	Verðbreyting milli ára per legu*
1	388C	Alvarleg öndunarvandamál hjá fyrirbura	1,971	7,321	23	1.875.973 kr.
2	126	Bráð og hægbráð hjartabólga	-1,536	1,685	12	- 1.461.964 kr.
3	113	Stýfing vegna blóðrásarraskana, nema á efri útlím og tá	-1,501	2,940	11	- 1.428.829 kr.
4	108	Hjarta- og brjóstholsaðgerðir, aðrar	1,053	3,664	21	1.002.432 kr.
5	556A	Endurhæfing vegna blóðrásar- og öndunarfæra vanda, lítil aðstoð	0,956	2,389	29	910.265 kr.
6	004	Aðgerðir á mænu	-0,942	1,845	16	- 897.062 kr.
7	205	Raskanir í lifur, nema illkynja sjúkdómur, skorpulifur og lifrabólga af völdum áfengisneyslu, með a	0,839	1,819	20	798.813 kr.
8	104B	Aðgerð á hjartalokum eða aðgerð á einni hjartaloku með aukakvillum	-0,814	5,043	63	- 774.896 kr.
9	190	Sjúkleiki í meltingarkerfi, annar, 17 ára og yngri	0,685	1,334	12	651.724 kr.
10	170	Aðrar skurðaðgerðir á meltingarkerfi með aukakvillum	0,670	3,368	13	638.098 kr.
11	275	Illkynja brjóstaraskanir án aukakvilla	0,651	1,215	13	619.991 kr.
12	398	Grisjufrumna- og ónæmisraskanir með aukakvillum	-0,640	0,866	11	- 609.751 kr.
13	111	Meiri háttar hjarta- og æðaaðgerðir án aukakvilla	-0,609	2,678	30	- 579.358 kr.
14	104A	Aðgerð á einni hjartaloku	-0,603	3,711	32	- 573.817 kr.
15	303	Aðgerð á nýra, þvagál og meiri háttar aðgerð á blöðru vegna æxlis	0,591	2,489	57	562.891 kr.
16	087	Lungnabjúgur og öndunarfærabilun	0,587	1,710	87	558.605 kr.
17	272	Meiri háttar húðraskanir með aukakvillum	0,580	1,723	13	552.034 kr.
18	443	Aðgerðir á skurðstofu vegna áverka, aðrar, án aukakvilla	-0,576	0,925	22	- 548.449 kr.
19	432M	Endurhæfing innliggjandi sjúklinga á geðsviði (30-90 d)	-0,569	4,841	203	- 541.830 kr.
20	253	Beinbrot, tognun, ofreynsla og liðhlaup í upphandlegg, fótlegg, nema fæti, með aukakvillum, 18 ára o	-0,561	0,991	18	- 534.127 kr.
21	104C	Ígrædd hjartaloka gegnum húð	-0,561	2,663	21	- 533.715 kr.
22	553A	Endurhæfing vegna heilaskaða, lítil aðstoð	0,546	1,896	11	519.418 kr.
23	192	Aðgerðir á brisi, lifur og hjáveituaðgerðir án aukakvilla	-0,510	3,239	22	- 485.934 kr.
24	202	Skorpulifur og lifrabólga af völdum áfengisneyslu	0,506	1,337	41	481.358 kr.
25	274	Illkynja brjóstaraskanir með aukakvillum	0,483	1,485	49	460.224 kr.

*Kostnaðarbreyting per legu miðast við DRG einingarverð árið 2016 sem er 952.000 kr.

Tafla 15. DRG flokkar með mestu hlutfallslegu breytingu í DRG vigt milli ára 2016 og 2015 - legur

Röð	Kóði DRG flokks	Heiti DRG flokks IS	Hlutfallsleg breyting í DRG vigt frá 2015	DRG vigt 2016	Fjöldi lega 2016	Verðbreyting milli ára per legu*
1	076	Aðgerðir á skurðstofu á öndunarferum, aðrar, með aukakvillum	371%	4,617	7	3.461.254 kr.
2	443O	Aðgerðir á skurðstofu vegna áverka, aðrar, stutt meðferð	299%	0,764	6	544.492 kr.
3	023	Stjarni og dá, ekki af áverka	199%	1,564	4	990.903 kr.
4	817S	Blóðtaka eða mergástunga, stutt meðferð	195%	0,181	1	114.033 kr.
5	801S	Greinandi rannsóknir vegna vandamála í taugakerfi, stutt meðferð	161%	0,130	1	76.255 kr.
6	214C	Aðrar aðgerðir á baki og hálsi með aukakvillum	140%	2,497	6	1.388.935 kr.
7	112B	Lagfæring hjartsláttaróreglu gegnum húð	130%	1,763	4	948.836 kr.
8	432B	Aðrar sérstakar geðraskanir	126%	0,922	2	490.088 kr.
9	209O	Meiri háttar aðgerðir á liðum á neðri útlím, ekki endurtekinn skurður, stutt meðferð	126%	0,640	1	339.690 kr.
10	410	Efnameðferð án þess að brátt hvítblæði sé fylgigreining	118%	0,976	10	503.038 kr.
11	471N	Meiri háttar aðgerðir á liðum, báðum megin eða margar, á neðri útlím	117%	3,757	1	1.927.043 kr.
12	275	Illkynja brjóstáskanir án aukakvilla	116%	1,215	13	619.991 kr.
13	221	Aðgerðir á hné með aukakvillum	113%	3,596	9	1.817.945 kr.
14	190	Sjúkleiki í meltingarkerfi, annar, 17 ára og yngri	105%	1,334	12	651.724 kr.
15	299	Meðfæddar efnaskiptaraskanir	104%	0,968	10	470.874 kr.
16	441	Handaraðgerðir vegna áverka	104%	1,312	9	636.570 kr.
17	168	Aðgerðir í munni með aukakvillum	91%	2,140	1	971.230 kr.
18	366	Illkynja sjúkdómur í getnaðarfærum kvenna með aukakvillum	87%	3,804	9	1.685.918 kr.
19	810O	Minni háttar aðgerðir vegna innkirtla-, næringar- og efnaskiptaraskana, stutt meðferð	-87%	0,025	1	- 156.699 kr.
20	205	Raskanir í lifur, nema illkynja sjúkdómur, skorpulífur og lifrabólga af völdum áfengisneyslu, með a	86%	1,819	20	798.813 kr.
21	916O	Sjúkdómar og raskanir í blóðmyndunarferum og ónæmiskerfi, stutt meðferð	82%	0,136	26	57.978 kr.
22	910O	Innkirtla-, næringar- og efnaskiptaraskanir, stutt meðferð	80%	0,249	6	105.414 kr.
23	806P	Minni háttar aðgerð á kvið tengd meltingarvegi, stutt meðferð	-77%	0,041	1	- 127.812 kr.
24	815O	Minni háttar aðgerð á nýbura, stutt meðferð	-74%	0,049	1	- 133.946 kr.
25	081	Sýkingar og bólgur í öndunarferum, 17 ára og yngri	74%	1,746	5	706.776 kr.

*Kostnaðarbreyting per legu miðast við DRG einingarverð árið 2016 sem er 952.000 kr.

Tafla 16. DRG flokkar með mestu hlutfallslegu breytingu í DRG vigt milli árana 2016 og 2015. Flokkar með undir 11 legur síðir út - legur

Röð	Kóði DRG flokks	Heiti DRG flokks IS	Hlutfallsleg breyting í DRG vigt frá 2015	DRG vigt 2016	Fjöldi lega 2016	Verðbreyting milli ára per legu*
1	275	Illkynja brjóstarakanir án aukakvilla	116%	1,215	13	619.991 kr.
2	190	Sjúkleiki í meltingarkerfi, annar, 17 ára og yngri	105%	1,334	12	651.724 kr.
3	205	Raskanir í lifur, nema illkynja sjúkdómur, skorpulifur og lifrabólga af völdum áfengisneyslu, með a	86%	1,819	20	798.813 kr.
4	916O	Sjúkdómar og raskanir í blóðmyndunarfærum og ónæmiskerfi, stutt meðferð	82%	0,136	26	57.978 kr.
5	249	Framhaldsmeðferð vegna sjúkleika í vöðvum, beinum og bandvef	72%	1,003	34	400.148 kr.
6	819O	Minni háttar aðgerðir með geðsjúkdóm sem megingreiningu, stutt meðferð	-70%	0,057	32	- 126.235 kr.
7	381O	Fósturlát/fóstureyðing með aðgerð, stutt meðferð	69%	0,185	22	71.814 kr.
8	556A	Endurhæfing vegna blóðrásar- og öndunarfæra vanda, lítil aðstoð	67%	2,389	29	910.265 kr.
9	158O	Minni háttar aðgerðir á görnum, stutt meðferð	-64%	0,208	15	- 346.250 kr.
10	130	Útæðaraskanir með aukakvillum	62%	1,241	24	453.740 kr.
11	202	Skorpulifur og lifrabólga af völdum áfengisneyslu	61%	1,337	41	481.358 kr.
12	087	Lungnabjúgur og öndunarfærabilun	52%	1,710	87	558.605 kr.
13	272	Meiri háttar húðraskanir með aukakvillum	51%	1,723	13	552.034 kr.
14	086	Fleiðruholsvökvi án aukakvilla	49%	1,237	20	385.881 kr.
15	274	Illkynja brjóstarakanir með aukakvillum	48%	1,485	49	460.224 kr.
16	126	Bráð og hægbráð hjartabolsbólga	-48%	1,685	12	- 1.461.964 kr.
17	907O	Sjúkdómur eða raskanir í lifur og gallkerfi, stutt meðferð	-45%	0,107	16	- 84.866 kr.
18	414	Mergfrumnafjölgunarraskanir og illa sundurgreind æxli, önnur, án aukakvilla	45%	1,087	15	322.860 kr.
19	419	Hiti af óþekktum uppruna með aukakvillum, 18 ára og eldri	45%	1,004	21	297.460 kr.
20	019	Raskanir á heilataugum og úttaugum án aukakvilla	45%	0,916	13	269.983 kr.
21	091A	Einföld lungna- og brjósthimnubólga með aukakvillum, 17 ára og yngri	44%	1,022	17	295.177 kr.
22	220O	Aðgerðir á neðri útlím og á upphandlegg, nema mjöðm, fótur, lærleggur, stutt meðferð	43%	0,363	11	103.979 kr.
23	332	Sjúkleiki í nýra og þvagvegi, annar, án aukakvilla, 18 ára og eldri	43%	0,661	15	188.182 kr.
24	398	Grisjufrumna- og ónæmisraskanir með aukakvillum	-43%	0,866	11	- 609.751 kr.
25	405	Brátt hvítblæði án meiri háttar aðgerðar á skurdstofu, 17 ára og yngri	-43%	0,639	50	- 449.541 kr.

*Kostnaðarbreyting per legu miðast við DRG einingarverð árið 2016 sem er 952.000 kr.

Tafla 17. DRG flokkar með mestu breytingu í DRG vigt milli árunna 2016 og 2015 - komur

Röð	Kóði DRG flokks	Heiti DRG flokks IS	Breyting í DRG vigt	DRG vigt 2016	Fjöldi koma 2016	Verðbreyting milli ára per komu*
1	147O	Endaþarmsnám, stutt meðferð	1,334	1,586	3	1.270.045 kr.
2	192O	Aðgerðir á brisi, lifur og hjáveituaðgerðir, stutt meðferð	1,263	1,620	4	1.202.762 kr.
3	075O	Meiri háttar aðgerðir í brjóstholi, stutt meðferð	0,648	0,712	3	617.108 kr.
4	443O	Aðgerðir á skurðstofu vegna áverka, aðrar, stutt meðferð	0,572	0,764	16	544.492 kr.
5	149O	Meiri háttar aðgerðir á mjógirmi og digurgirmi, stutt meðferð	0,570	0,822	12	543.003 kr.
6	200O	Greiningaraðgerð á lifur og gallkerfi, stutt meðferð	0,366	0,583	7	348.491 kr.
7	509O	Aðrar skurðaðgerðir vegna sjúkdóma í brjóstskirtlum, stutt meðferð	0,293	0,351	5	278.850 kr.
8	153O	Aðgerðir á mjógirmi og digurgirmi, stutt meðferð	0,244	0,521	9	232.535 kr.
9	315O	Aðgerðir á skurðstofu á nýra og þvagvegi, aðrar, stutt meðferð	0,229	0,429	71	217.979 kr.
10	305O	Aðgerðir á nýra, þvagál og meiri háttar aðgerð á blöðru, stutt meðferð	-0,227	0,051	153	- 215.670 kr.
11	222O	Aðgerð á hné, önnur, stutt meðferð	-0,220	0,269	7	- 209.342 kr.
12	225O	Aðgerðir á fæti, stutt meðferð	-0,147	0,259	22	- 139.813 kr.
13	702O	Holspeglun í neðri hluta öndunarfæra, stutt meðferð	-0,143	0,080	78	- 135.987 kr.
14	209O	Meiri háttar aðgerðir á liðum á neðri útlím, ekki endurtekinn skurður, stutt meðferð	0,133	0,523	26	126.995 kr.
15	719O	Holspeglun á kynfærum kvenna, stutt meðferð	-0,133	0,041	12	- 126.289 kr.
16	114O	Stýfing efri útlíms og táar vegna blóðrásaraskana, stutt meðferð	-0,127	0,486	9	- 121.196 kr.
17	707P	Herðimeðferð/fyrirbinding á gyllinæð, stutt meðferð	-0,125	0,033	6	- 119.466 kr.
18	817S	Blóðtaka eða mergástunga, stutt meðferð	0,120	0,181	75	114.033 kr.
19	706O	Holspeglun v. meðferðar í efri hluta meltingarvegs, stutt meðferð	-0,116	0,067	58	- 110.687 kr.
20	063O	Aðgerð á skurðstofu á eyra, nefi, munn og hálsi, önnur, stutt meðferð	0,106	0,261	49	100.854 kr.
21	703O	Ísetning stoðnets í meltingarveg í holspeglum, stutt meðferð	0,105	0,280	5	100.374 kr.
22	156O	Aðgerðir á maga, vélindi og skeifugörn, stutt meðferð	0,105	0,317	13	100.280 kr.
23	707O	Endaþarmsspeglun, önnur, stutt meðferð	-0,105	0,067	13	- 99.775 kr.
24	220O	Aðgerðir á neðri útlím og á upphandlegg, nema mjöðm, fótur, lærleggur, stutt meðferð	0,102	0,363	84	97.526 kr.
25	290O	Aðgerðir á skjaldkirtli, stutt meðferð	0,101	0,381	3	96.415 kr.

*Kostnaðarbreyting per komu miðast við DRG einingarverð árið 2016 sem er 952.000 kr.

Tafla 18. DRG flokkar með mestu breytingu í DRG vigt milli árána 2016 og 2015. Flokkar með undir 11 komur síaðir út - komur

Röð	Kóði DRG flokks	Heiti DRG flokks IS	Breyting í DRG vigt	DRG vigt 2016	Fjöldi koma 2016	Verðbreyting milli ára per komu*
1	443O	Aðgerðir á skurðstofu vegna áverka, aðrar, stutt meðferð	0,572	0,764	16	544.492 kr.
2	149O	Meiri háttar aðgerðir á mjógirmi og digurgirni, stutt meðferð	0,570	0,822	12	543.003 kr.
3	315O	Aðgerðir á skurðstofu á nýra og þvagvegi, aðrar, stutt meðferð	0,229	0,429	71	217.979 kr.
4	305O	Aðgerðir á nýra, þvagál og meiri háttar aðgerð á blöðru, stutt meðferð	-0,227	0,051	153	- 215.670 kr.
5	225O	Aðgerðir á fæti, stutt meðferð	-0,147	0,259	22	- 139.813 kr.
6	702O	Holspeglun í neðri hluta öndunarfæra, stutt meðferð	-0,143	0,080	78	- 135.987 kr.
7	209O	Meiri háttar aðgerðir á liðum á neðri útlím, ekki endurtekinn skurður, stutt meðferð	0,133	0,523	26	126.995 kr.
8	719O	Holspeglun á kynfærum kvenna, stutt meðferð	-0,133	0,041	12	- 126.289 kr.
9	817S	Blóðtaka eða mergástunga, stutt meðferð	0,120	0,181	75	114.033 kr.
10	706O	Holspeglun v. meðferðar í efri hluta meltingarvegs, stutt meðferð	-0,116	0,067	58	- 110.687 kr.
11	063O	Aðgerð á skurðstofu á eyra, nefi, munni og hálsi, önnur, stutt meðferð	0,106	0,261	49	100.854 kr.
12	156O	Aðgerðir á maga, vélindi og skeifugörn, stutt meðferð	0,105	0,317	13	100.280 kr.
13	707O	Endaþarmsspeglun, önnur, stutt meðferð	-0,105	0,067	13	- 99.775 kr.
14	220O	Aðgerðir á neðri útlím og á upphandlegg, nema mjöðm, fótur, lærleggur, stutt meðferð	0,102	0,363	84	97.526 kr.
15	341O	Aðgerðir á reðri, stutt meðferð	-0,099	0,192	15	- 93.851 kr.
16	054P	Aðgerð á skúta, stikli og innra eyra (sinus aðg.) stutt meðferð	0,095	0,476	25	90.832 kr.
17	803P	Meiri háttar aðgerð á göngudeild vegna HNE vanda, stutt meðferð	0,094	0,137	50	89.390 kr.
18	077O	Aðgerðir á skurðstofu á öndunarfærum, aðrar, án aukakvilla, stutt meðferð	0,092	0,169	11	87.431 kr.
19	112O	Hjarta- og æðaaðgerðir gegnum húð, stutt meðferð	-0,081	0,445	335	- 76.953 kr.
20	711O	Holspeglun í efri hluta meltingarvegs, stutt meðferð	-0,090	0,067	634	- 85.313 kr.
21	054O	Aðgerð á andlitshviltum, stutt meðferð	0,087	0,305	74	82.352 kr.
22	816O	Minni háttar aðgerðir vegna blóð- og ónæmissjúkdóma, stutt meðferð	-0,085	0,184	28	- 81.127 kr.
23	160O	Kviðslitsaðgerðir, nema nára- og læris-, stutt meðferð	0,059	0,355	54	56.185 kr.
24	710O	Ristilspeglun, stutt meðferð	-0,083	0,075	302	- 79.482 kr.
25	169O	Aðgerðir í munni, stutt meðferð	0,083	0,147	17	79.068 kr.

*Kostnaðarbreyting per komu miðast við DRG einingarverð árið 2016 sem er 952.000 kr.

Tafla 19. DRG flokkar með mestu hlutfallslegu breytingu í DRG vigt milli árána 2016 og 2015 - komur

Röð	Kóði DRG flokks	Heiti DRG flokks IS	Hlutfallsleg breyting í DRG vigt	DRG vigt 2016	Fjöldi koma 2016	Verðbreyting milli ára per komu*
1	075O	Meiri háttar aðgerðir í brjóstholi, stutt meðferð	1016%	0,7120	3	617.108 kr.
2	147O	Endaþarmsnám, stutt meðferð	530%	1,5857	3	1.270.045 kr.
3	509O	Aðrar skurðaðgerðir vegna sjúkdóma í brjóstskirtlum, stutt meðferð	504%	0,3510	5	278.850 kr.
4	192O	Aðgerðir á brisi, lifur og hjáveituaðgerðir, stutt meðferð	355%	1,6197	4	1.202.762 kr.
5	443O	Aðgerðir á skurðstofu vegna áverka, aðrar, stutt meðferð	299%	0,7635	16	544.492 kr.
6	149O	Meiri háttar aðgerðir á mjógirmi og digurgirni, stutt meðferð	227%	0,8220	12	543.003 kr.
7	803P	Meiri háttar aðgerð á göngudeild vegna HNE vanda, stutt meðferð	218%	0,1369	50	89.390 kr.
8	815O	Minni háttar aðgerð á nýbura, stutt meðferð	210%	0,0493	18	31.770 kr.
9	817S	Blóðtaka eða mergástunga, stutt meðferð	195%	0,1811	75	114.033 kr.
10	462O	Endurhæfing, stutt meðferð	187%	0,0533	14	33.034 kr.
11	200O	Greiningaraðgerð á lifur og gallkerfi, stutt meðferð	169%	0,5833	7	348.491 kr.
12	801S	Greinandi rannsóknir vegna vandamála í taugakerfi, stutt meðferð	161%	0,1298	649	76.236 kr.
13	806R	Lífeðlisfræðileg próf tengd meltingarvegi, stutt meðferð	147%	0,1544	20	87.382 kr.
14	998O	Hóprmeðferð	138%	0,0344	6076	19.013 kr.
15	169O	Aðgerðir í munni, stutt meðferð	131%	0,1465	17	79.068 kr.
16	077O	Aðgerðir á skurðstofu á öndunarfarum, aðrar, án aukakvilla, stutt meðferð	118%	0,1694	11	87.431 kr.
17	315O	Aðgerðir á skurðstofu á nýra og þvagvegi, aðrar, stutt meðferð	114%	0,4291	71	217.979 kr.
18	808R	Lyfjagjöf í liðhol, stutt meðferð	105%	0,0853	9	41.651 kr.
19	051O	Aðgerðir á munnvatnskirtili, nema brotnám kirtils, stutt meðferð	101%	0,1501	14	71.924 kr.
20	373O	Fæðing um leggöng, stutt meðferð	97%	0,0301	29	14.114 kr.
21	803S	Sýnataka frá HNE, stutt meðferð	90%	0,0877	27	39.510 kr.
22	153O	Aðgerðir á mjógirmi og digurgirni, stutt meðferð	88%	0,5210	9	232.535 kr.
23	805T	Meðferð vegna vökvasöfnunar, stutt meðferð	83%	0,0214	34	9.232 kr.
24	305O	Aðgerðir á nýra, þvagál og meiri háttar aðgerð á blöðru, stutt meðferð	-82%	0,0508	153	- 215.670 kr.
25	707P	Herðimeðferð/fyrirbinding á gyllinæð, stutt meðferð	-79%	0,0330	6	- 119.466 kr.

*Kostnaðarbreyting per komu miðast við DRG einingarverð árið 2016 sem er 952.000 kr.

Tafla 20. DRG flokkar með mestu hlutfallslegu breytingu í DRG vigt milli árána 2016 og 2015. Flokkar með undir 11 komur staðir út - komur

Röð	Kóði DRG flokks	Heiti DRG flokks IS	Breyting í DRG vigt	DRG vigt 2016	Fjöldi koma 2016	Verðbreyting milli ára per komu*
1	443O	Aðgerðir á skurðstofu vegna áverka, aðrar, stutt meðferð	299%	0,8	16	544.492 kr.
2	149O	Meiri háttar aðgerðir á mjógirmi og digurgirmi, stutt meðferð	227%	0,8	12	543.003 kr.
3	803P	Meiri háttar aðgerð á göngudeild vegna HNE vanda, stutt meðferð	218%	0,1	50	89.390 kr.
4	815O	Minni háttar aðgerð á nýbura, stutt meðferð	210%	0,0	18	31.770 kr.
5	817S	Blóðtaka eða mergástunga, stutt meðferð	195%	0,2	75	114.033 kr.
6	462O	Endurhæfing, stutt meðferð	187%	0,1	14	33.034 kr.
7	801S	Greinandi rannsóknir vegna vandamála í taugakerfi, stutt meðferð	161%	0,1	649	76.236 kr.
8	806R	Lífðlisfræðileg próf tengd meltingarvegi, stutt meðferð	147%	0,2	20	87.382 kr.
9	998O	Hópmeðferð	138%	0,0	6076	19.013 kr.
10	169O	Aðgerðir í munni, stutt meðferð	131%	0,1	17	79.068 kr.
11	077O	Aðgerðir á skurðstofu á öndunarfærum, aðrar, án aukakvilla, stutt meðferð	118%	0,2	11	87.431 kr.
12	315O	Aðgerðir á skurðstofu á nýra og þvagvegi, aðrar, stutt meðferð	114%	0,4	71	217.979 kr.
13	051O	Aðgerðir á munnvatnskirtli, nema brotnám kirtils, stutt meðferð	101%	0,2	14	71.924 kr.
14	373O	Fæðing um leggöng, stutt meðferð	97%	0,0	29	14.114 kr.
15	803S	Sýnataka frá HNE, stutt meðferð	90%	0,1	27	39.510 kr.
16	805T	Meðferð vegna vökvasöfnunar, stutt meðferð	83%	0,0	34	9.232 kr.
17	305O	Aðgerðir á nýra, þvagál og meiri háttar aðgerð á blöðru, stutt meðferð	-82%	0,1	153	- 215.670 kr.
18	719O	Holspeglun á kynfærum kvenna, stutt meðferð	-77%	0,0	12	- 126.289 kr.
19	063O	Aðgerð á skurðstofu á eyra, nefi, munni og hálsi, önnur, stutt meðferð	68%	0,3	49	100.854 kr.
20	807P	Sýnataka úr meltingarvegi vegna gall- og lifrarvanda, stutt meðferð	-67%	0,0	18	- 68.868 kr.
21	812O	Minni háttar aðgerðir á getnaðarfærum karls, stutt meðferð	-64%	0,0	120	- 35.575 kr.
22	702O	Holspeglun í neðri hluta öndunarfæra, stutt meðferð	-64%	0,1	78	- 135.987 kr.
23	706O	Holspeglun v. meðferðar í efri hluta meltingarvegs, stutt meðferð	-63%	0,1	58	- 110.687 kr.
24	801U	Taugasálfræðileg próf og greiningar, stutt meðferð	-61%	0,0	48	- 21.314 kr.
25	801R	Staðbundin verkjameðferð, stutt meðferð	61%	0,1	35	35.667 kr.

*Kostnaðarbreyting per komu miðast við DRG einingarverð árið 2016 sem er 952.000 kr.